

22. fundur skólanefndar Menntaskólans á Tröllaskaga haldinn 27. janúar 2012, kl. 13:30 í húsnæði skólans í Ólafsfirði.

Mættir: Helgi Jóhannsson formaður, Hildur Ösp Gylfadóttir, Jónína Magnúsdóttir, Sigurður Valur Ásbjarnarson, Valgerður Ósk Einarsdóttir fulltrúi kennara, Björg Traustadóttir fulltrúi foreldra, Lára Stefánsdóttir skólameistari og Jóna Vilhelmlína Héðinsdóttir aðstoðarskólameistari.

Formaður setti fundinn og byrjaði á að bjóða nefndarmenn velkomna.

Dagskrá:

1. Fundargerðar síðasta skólanefndarfundar

Formaður bar fundargerð síðasta fundar upp til samþykktar. Fundargerðin samþykkt.

2. Húsnæði, - norðurálma

Sigurður Valur gerði grein fyrir stöðu mála varðandi nýbyggingu við Grunnskóla Fjallabyggðar. Hann skýrði frá að ætlunin væri að hefja vinnu við endurbætur á norðurálmu strax að loknum skóla. Öllum aðildarsveitarfélögum hefur verið greint frá þessu og á að vera ljóst hvernig skiptingu milli þeirra er háttað.

3. Tímasetning fyrir fundi vorannar

Samþykkt að fundir skólanefndar verði 16. mars og 18. maí kl. 13:30.

4. Matur fyrir nemendur

Skólameistari gerði grein fyrir að upp hefði komið sú staða að rekstraraðilar Brimness hótels hefðu tilkynnt fyrirvaralaust að þeir sæju sér ekki fært að bjóða upp á fæði fyrir nemendur frá mánaðamótum janúar/febrúar. Leitað hefur verið ýmissa leiða til lausnar á þessu máli en skammur fyrirvari gerði það að verkum að ekki hefur reynst unnt að leysa málið á annan hátt en skólinn komi inn í með fjárframlag til að hótelið bjóði nemendum og starfsmönnum upp á hádegisverð til vors. Rætt um möguleika á nýju fyrirkomulagi fyrir næsta skólaár.

5. Haustönn 2011

Aðstoðarskólameistari gerði grein fyrir niðurstöðum haustannar. Á haustönn 2011 var 91 nemandi skráður í skólann og alls nýttust 78 nemendaígildi. Árangur var almennt nokkuð góður en slakari meðaltalsárangur var þó í fjölmönnum grunnáföngum. Á vorönn 2012 eru 100 nemendur skráðir í nám. Sjö af nemendum haustannar skiluðu sér ekki aftur á vorönn og einn nemandi var útskrifaður 17. desember.

6. Fjárhagsáætlun fyrir 2012

Skólameistari gerði grein fyrir rekstaráætlun skólans fyrir árið 2012. Næsta ár verða nemendaígildin 120 samkvæmt fjárlögum og fjárframlög aukast í samræmi við það. Skólinn fer því að nálgast þá stærð sem áætluð var sem lokastærð. Samkvæmt áætluninni er gert ráð fyrir rekstrarafgangi á árinu 2012.

7. Önnur mál

7.1 Fréttabréf starfsmanna

Skólameistari kynnti nefndarmönnum vikulegt fréttabréf sem starfsmenn fá. Þar eru tilkynningar og upplýsingar birtar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:00.

Fundargerð ritaði
Jóna Vilhelmlína Héðinsdóttir